

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um refsibrot sem varða framleiðslu áfengis til einkaneyslu.

Frá Snæbirni Brynjarssyni.

1. Hversu margir einstaklingar hafa hlotið refsingu fyrir framleiðslu áfengis til einkaneyslu, sem er refsivert skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, frá gildistöku laganna 1. júlí 1998? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
2. Telur ráðherra tímabært að endurskoða eða afnema framangreint ákvæði áfengislaga?

Skriflegt svar óskast.